

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú og hennar ljós?  
Mér sýndist hjart, en birtan þvarr, og nú er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
uns fáráð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báurur, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.

*Newman - Matthías Jochumsson*

## MOLDUN

*Almennur söngur*

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, -  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*



## BLESSUN

*Almennur söngur*

Ég vil heim, ég vil heim  
yfir hyldjúpan sæ,  
heim í dálftinn dal,  
heim að dálitlum bæ.  
Hver vill bera mig blítt  
um hinn bláheiða geim?  
Ó, þú blíðasti blær!  
Vilt þú bera mig heim?

Allt er ljóð, allt er ljóð,  
þar sem lynghrísan grær,  
þar sem víðirinn vex,  
þar sem vorperlan hlær.  
Þar sem afi minn bjó,  
þar sem amma mín dó,  
undir heiðinni há,  
vil ég hvíla í ró.

*Jóhannes úr Kötlum*

## EFTIRSPIL

*Undir bláhimni*

*Erlent lag – Magnús Gíslason frá Vöglum*

*Prestur: Sr. Þráinn Haraldsson*

*Organisti: Sveinn Arnar Sæmundsson*

*Einsöngur: Bjarni Atlason og Gunnar Már Ármannsson*

*Harmonika: Guðmundur Sveinn Gunnarsson*

*Fiðluleikur: Kristín Sigurjónsdóttir*

*Tindatrío: Atli Guðlaugsson, Bjarni Atlason*

*og Guðlaugur Atlason*

*Útfararþjónusta Akranes Kirkju*

**Ástvinir þakka vinsemd og hlýhug**



# Ármann Gunnarsson

*Fæddur 1. janúar 1937*

*Dáinn 26. janúar 2021*



*Útför frá Akranes Kirkju  
föstudaginn 5. febrúar 2021*

Tónlist fyrir athöfn

## FORSPIL

Dagný

Sigfús Halldórsson – Tómas Guðmundsson

## BÆN

Hærra, minn Guð, til þín,  
hærra til þín,  
enda þótt öll sé kross  
upphefðin mín.  
Hljóma skal harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Sofanda sýndu þá  
sólstigans braut  
upp í þitt eilífa  
alföðurskaut.  
Hljómi svo harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Lyfti mér langt í hæð  
lukkunnar hjól,  
hátt yfir stund og stað,  
stjörnur og sól,  
hljómi samt harpan mín:  
:: Hærra, minn Guð, til þín, ::  
hærra til þín.

Adams - Matthías Jochumsson

## RITNINGARORÐ



Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína,  
leiðir mig um rétta vegu fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum;  
þú smyr höfuð mitt með olíu;  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir, mig mun ekkert breyta.  
Margrét Scheving - 23. Davíðssálmur

## RITNINGARORÐ

Heyr, himna smiður,  
hvers skáldið biður,  
komi mjúk til mín  
miskunnin þín.  
Því heit eg á þig,  
þú hefur skaptan mig,  
ég er þrællinn þinn,  
þú ert Drottinn minn.

Guð, heit eg á þig,  
að græðir mig,  
minnst, mildingur, mín,  
mest þurfum þín.  
Ryð þú, röðla gramur,  
ríklyndur og framur,  
hölds hverri sorg  
úr hjartaborg.

Gæt, mildingur, mín,  
mest þurfum þín  
helst hverja stund  
á hölda grund.  
Set, meyar mögur,  
máls efni fögur,  
öll er hjálp af þér,  
í hjarta mér.

Þorkell Sigurbjörnsson  
Kolbeinn Tumason

## RITNINGARORÐ

Fagra Akrafjallið kæra  
flest sem geymir sporin mín.  
Kýs ég nú í litlu ljóði  
leiða hugann upp til þín.  
Fyrst í dalsins faðmi blíðum  
fyllist sálinn hugarró.  
Þá var tíðum tæpa gatan  
tífuð þó að væri mjó.

Skeiðflatir og Skellibrekur  
skarvakálið mosalyng.  
Ær á beit sem unglömbunum  
óspart veittu lífsnæring.  
Frelsi ríkti fuglasöngur  
fyllir dalinn ljúfum hreim.  
Öllu gleymt en aðeins lifað  
inn í þessum töfraheim.

Hjartans þökk um ævi alla  
áttu kæra fjallið mitt.  
Fyrir okkar fornu kynni  
fel ég drottni nafnið þitt.  
Hinstu hvíld þar helst ég vildi  
hljóta eftir liðinn dag.  
Svo ég aftur á þeim slóðum  
ætti fagurt sólarlag.

Lárus Sighvatsson - Guðni Eggertsson

## GUÐSPJALL

## EINSÖNGUR

Í fjarlægð

Karl O. Runólfsson - Cæsar

## MINNINGARORÐ

## FÍÐLULEIKUR

Kveðjulag Frímúrara

## EINSÖNGUR

Játning

Sigfús Halldórsson – Tómas Guðmundsson

## BÆN / FAÐIR VOR

